RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Eymundur Sveinn Einarsson
Kt. 0811663319
Dags. 8.2.2024 14:53:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Halla Eiríksdóttir
Kt. 1808592849
Dags. 8.2.2024 14:53:37
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurður Sævar Gunnarsson
Kt. 0110735819
Dags. 8.2.2024 14:54:07
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðfinna Harpa Árnadóttir
Kt. 3003823209
Dags. 8.2.2024 14:54:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jóhann Ragnarsson
Kt. 1807703729
Dags. 8.2.2024 17:18:38
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Þórarinsson
Kt. 1912627869
Dags. 8.2.2024 21:01:22
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jóhannes Sveinbjörnsson
Kt. 1204705319
Dags. 9.2.2024 06:35:08
Ástæða: Undirritun

LOPI

# Íslenskur textílíðnaður hf.

# Ársreikningur 2023

Íslenskur textílíðnaður hf.
Völuteigi 6
270 Mosfellsbær
kt. 561091-1109

# Efnisyfirlit

**Bls.**

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 2
Skýrsla stjórnar ........ 4
Rekstrarreikningur ........ 6
Efnahagsreikningur ........ 7
Eigið fé og skuldir ........ 8
Sjóðstreymi ........ 9
Skýringar ........ 10

## Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa Íslensks textíliðnaðar hf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslensks textíliðnaðar hf. fyrir rekstrarárið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. október 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskum textíliðnaði hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslensks textíliðnaðs hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

**Staðfesting vegna annara ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabæ 8. febrúar 2024

**Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.**

Rafrænt undirritað

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Félagið er hlutafélag og er heiti þess Íslenskur textíliðnaður hf. Tilgangur félagsins er kaup og sala á ull, bandi og öðru hráefni, rekstur ullarþvottastöðvar og rekstur bandvinnslu, útflutningur og innflutningur, markaðsstarfsemi, bókaútgáfa, leiga og kaup á fasteignum og lausafé, rekstur fasteigna og önnur sú starfsemi, sem er nauðsynleg í þessu sambandi. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Íslensks textíliðnaðar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Ístex kaupir nær alla ull sem framleidd er hérlendis og þvær hana í þvottastöð sinni á Blönduósi. Betri hluti ullarinnar er nýttur í ullarbandvinnslu Ístex, en lakari hlutinn fer í útflutning. Handprjónaband úr íslenskri ull er selt hérlendis og erlendis. Hér má nefna Plötulopa, Álafosslopa, Bulkylopa og Léttlopa. Fyrirtækið framleiðir einnig og selur ullarteppi og sængur, gefur út handprjónabækur með fjölbreyttri hönnun og framleiðir iðnaðarband. Fjöldi ársverka á árinu 2023 voru 67. Jafnlaunakerfi félagsins fékk vottun í nóvember 2023. Um 63% starfsfólks eru karlar og 37% konur. Í stjórn félagsins eru 2 konur og 3 karlar. Í varastjórn eru 4 konur og 1 karl.

**Rekstur ársins 2023 og markverðir atburðir**

Rekstur félagsins einkenndist af mikilli eftirspurn í Lopa og sterkri söluaukningu á sængum. Sala á handprjónabandi jókst um rúm 30% á milli ára, en sala á sængum um rúm 80%. Þessi áframhaldandi áhugi á flestum vöruflokkum Ístex skilaði mun meiri sölu á árinu en vænst var. Það gekk ágætilega að fylgja eftir eftirspurn með öflugri framleiðslu, en framleiðsla á bandi jókst um tæp 15% á milli ára. Meðal ástæðna á því að framleiðsla jókst var að fá alvarleg stopp voru, ágætt jafnvægi náðist í verksmiðju á bæði dag- og kvöldvöktum, góður aðgangur var á góðu starfsfólki, góðar lausnir í sérhæfðum flöskuhálsum náðust, góðar tarnir í Léttlopa og Álafosslopa saman náðust og góð afköst náðust á ný tæki.

Ullarþvottur á Blönduósi gekk treglega vegna tíðra bilanna á nýrri þurrklínu. Vegna þessa þurfti að manna tvær vaktir allt árið og tafði verulega ullarsöfnun hjá bændum. Leita þarf áfram leiða til að ná betra öryggis við þurrkun bæði hjá framleiðanda örbylgjuofns og hjá Rarik. Hins vegar er ný þeytivinda að virka vel. Sala á ull er nú um 5% af tekjum félagsins. Vegna fækkunar fjár í landinu  minnkuðu kaup á ull frá bændum um tæp 50 tonn af hreinni ull.

Alvarlegur leki kom á þaki verksmiðju í Mosfellsbæ í febrúar og mars eftir mikinn snjóavetur. Þetta leiddi til þess að mygla greindist í verksmiðjunni um vorið. Um sumarið var skipt um 2.000 fermetra af þakinu og ráðnir voru sérfræðingar í mygluhreinsun, ásamt því að þjálfa hluta starfsfólks fyrir slík verkefni. Þá var stór hluti verksmiðjunnar málaður með þar til gerðri málningu. Í lok september var vinna á þaki búin og búið að hreinsa alla verksmiðjuna, nema hluta af kembisal og tætaradeild. Engin myglusýni hafa mælst jákvæð eftir þessa hreinsun.

Félagið gerði nokkrar aðgerðir á árinu til að lágmarka ytri áhættu. Hér mætti nefna nýja lántöku í erlendri mynt bæði til að vega á móti áhættu í gengi og vöxtum, en meiri hluti tekna er í erlendri mynt. Þá er í sömum tilvikum gerðir upp að árs kaupsamningar á hjálparefnum til að festa verð og framboð. Þá er sala á Lopa dreifð á milli landa til að minnka áhrif á tískusveiflum. Tölvukerfi er varið af sérfræðingum í slíkum málum, ásamt því að taka reglulega afrit.

Framleiðslukostnaður jókst, m.a. vegna hækkana á ull, litarefnum, hjálparefnum, varahlutum og launum. Þá bættist við kostnaður vegna þrifa á spunaverksmiðju. Tekjur félagsins hækkuðu um tæpar 300 milljónir króna á milli ára eða sem nemur um 24,4%. Innheimtur gengu vel á árinu og lausafjárstaða var ágæt.

Félagið hefur áfram góðar sölupantanir í bandi og góð eftirspurn er eftir sængum. Sterkrar sölu er áfram vænst í bandi, teppum og sængum. Tafir hafa verið á nýrri spunavél, en áætlað er að setja hana upp í janúar 2024.

Áætlun fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir um 1.550 milljóna króna rekstrartekjum og að nokkur hagnaður verði af rekstri félagsins. Stórir óvissu- og áhættuþættir er uppsetning nýrra framleiðslutækja, aðgengi að mannauði með sérþekkingu, hugsanlegar bilanir og gengismál. Þá er ljóst að verðbólga og hækkandi vextir muni minnka líkur á að koma út eðlilegum verðhækkunum án þess að hafa áhrif á eftirspurn.

Niðurstaða rekstrarreiknings er 191,5 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins á liðnu rekstrarári fyrir skatta. Í ljósi rekstrarafkomu og annarra aðstæðna leggur stjórn til að greiddur verði 25% arður af hlutafé vegna rekstrarársins 2022-2023 eða um kr. 11.273.733,-.

### Hluthafar

Hluthafar í félaginu í lok árs 2023 voru 2467, en voru 2474 í upphafi árs. Hlutafé var fært niður á árinu frá 52.188.000 hlutum í 49.900.000 hluti skv. samþykkt síðasta aðalfundar.

Hlutafé skiptist á eftirfarandi máta.

| | | |
|---|---|---|
| Landssamtök sauðfjárbænda | 10.611.409 | 21,3% |
| Ístex - eigin hlutir | 4.805.067 | 9,6% |
| Ámundakinn ehf. | 928.302 | 1,9% |
| Kaupfélag Árnesinga | 828.000 | 1,7% |
| Kaupfélag Vestur-Húnvetninga | 736.000 | 1,5% |
| Fjárfestingafélagið Urðir ehf. | 460.000 | 0,9% |
| Gunnar Þórarinsson | 353.767 | 0,7% |
| Sigurður Sævar Gunnarsson | 239.153 | 0,5% |
| Kaupfélag Króksfjarðar | 184.000 | 0,4% |
| Kaupfélag Steingrímsfjarðar | 184.000 | 0,4% |
| Jóhann Ragnarsson | 113.929 | 0,2% |
| Aðrir hluthafar | 30.456.373 | 61,0% |
| | 49.900.000 | 100% |

### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2023, efnahag 31. október 2023 og breytingu á eigin fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikinga.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslensks textíliðnaðar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2022 til 31. október 2023 með undirritun sinni.

Mosfellsbæ, 8. febrúar 2024.
Í stjórn

Rafrænt undirritað

Gunnar Þórarinsson
Formaður

Jóhannes Sveinbjörnsson

Halla Eiríksdóttir

Jóhann Ragnarsson

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Sigurður Sævar Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 2 | | |
| Vörusala | | 1.520.987.418 | 1.221.779.237 |
| Aðrar tekjur | | 3.933.532 | 3.640.802 |
| | | 1.524.920.950 | 1.225.420.039 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.063.002.148 | 937.382.695 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 92.424.504 | 86.791.305 |
| Sölu- og markaðskostnaður | | 80.388.513 | 57.713.206 |
| | | 1.235.815.164 | 1.081.887.205 |
| **Rekstrarafkoma fyrir afskriftir** | | 289.105.786 | 143.532.834 |
| Afskriftir | 9 | (43.214.925) | (33.388.622) |
| **Afkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | **245.890.861** | **110.144.212** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 17 | | |
| Fjármunatekjur | | 2.044.493 | 1.438.725 |
| Fjármagnsgjöld | | (56.382.614) | (44.484.073) |
| | | (54.338.121) | (43.045.348) |
| **Afkoma fyrir tekjuskatt** | | **191.552.740** | **67.098.864** |
| Tekjuskattur | 12 | (38.826.914) | (13.423.533) |
| **Afkoma ársins** | | 152.725.826 | 53.675.331 |

# Efnahagsreikningur 31. október 2023

| Eignir | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Óefnislegar eignir** | 8 | | |
| Þróunarkostnaður | | 85.649.649 | 86.921.117 |
| Óefnislegar eignir alls | | 85.649.649 | 86.921.117 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | 9 | | |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | | 142.390.568 | 91.488.183 |
| Vélar, framleiðslutæki og vöruþróun | | 238.886.430 | 205.443.292 |
| Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld | | 6.266.111 | 5.592.154 |
| Flutningatæki | | 2.142.746 | 2.610.648 |
| Fyrirframgreiðslur | | 0 | 1.328.855 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | | 389.685.855 | 306.463.132 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir alls** | | 475.335.504 | 393.384.249 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 606.248.182 | 488.874.620 |
| Vörubirgðir alls | | 606.248.182 | 488.874.620 |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Viðskiptakröfur | 10 | 280.876.127 | 207.288.974 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 17.271.160 | 8.684.546 |
| Skammtímakröfur alls | | 298.147.286 | 215.973.520 |
| **Handbært fé** | | | |
| Bankainnstæður | 4 | 16.482.512 | 21.324.951 |
| Handbært fé alls | | 16.482.512 | 21.324.951 |
| **Veltufjármunir alls** | | 920.877.981 | 726.173.092 |
| **Eignir samtals** | | 1.396.213.485 | 1.119.557.341 |

# Eigið fé og skuldir 31. október 2023

| Eigið fé og skuldir | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 11 | | |
| Hlutafé | | 45.094.933 | 45.245.309 |
| Lögbundinn varasjóður | | 14.812.116 | 14.812.116 |
| Bundið eigið fé | | 116.883.724 | 118.155.192 |
| Óráðstafað eigið fé | | 300.323.034 | 147.006.069 |
| Eigið fé alls | | 477.113.807 | 325.218.686 |
| **Tekjuskattsskuldbinding** | 12 | | |
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding | | 47.668.340 | 22.023.685 |
| Skuldbindingar alls | | 47.668.340 | 22.023.685 |
| **Langtímaskuldir** | 13 | | |
| Langtímalán | | 609.948.797 | 474.890.708 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar alls | | 657.617.137 | 496.914.393 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 106.079.222 |
| Viðskiptaskuldir | | 67.959.793 | 60.756.894 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 13 | 43.078.164 | 41.990.944 |
| Skammtímafjármögnun | | 44.666.861 | 5.084.735 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 105.777.722 | 83.512.468 |
| Skammtímaskuldir alls | | 261.482.541 | 297.424.263 |
| **Skuldir samtals** | | 919.099.678 | 794.338.656 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.396.213.485 | 1.119.557.341 |

# Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | | 152.725.826 | 53.675.331 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 43.214.925 | 33.388.622 |
| Áfallnir vextir og verðbætur lána | 17 | (4.917.933) | 1.666.667 |
| Reiknaður tekjuskattur ekki til greiðslu | 12 | 25.644.654 | 13.423.533 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | 216.667.473 | 102.154.153 |
| | | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Ýmsar skammtímakröfur | | (82.173.766) | (11.114.169) |
| Birgðir | 7 | (117.373.562) | (104.368.645) |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 69.050.280 | (26.547.014) |
| | | (130.497.046) | (142.029.826) |
| | | | |
| **Handbært fé til rekstrar** | | 86.170.427 | (39.875.673) |
| | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaupverð fastafjármuna | 9 | (118.609.556) | (108.387.279) |
| Fyrirframgreiðslur | | 1.328.855 | 59.729.545 |
| Kaupverð óefnislegra eigna | 8 | (7.885.479) | (22.980.296) |
| | | (125.166.180) | (71.638.030) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántaka | | 181.434.728 | 139.660.578 |
| Afborganir langtímalána | 8 | (40.371.486) | (42.396.100) |
| Skammtímafjármögnun | | (106.079.225) | (3.920.778) |
| Kaup-/söluverð eigin hluta | 11 | (830.705) | (58.670.359) |
| | | 34.153.314 | 34.673.343 |
| | | | |
| **Breyting á handbæru fé** | | (4.842.439) | (76.840.360) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | | 21.324.951 | 98.165.312 |
| **Handbært fé í árslok** | | 16.482.512 | 21.324.951 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Ístex hf. ("félagið") er hlutafélag með lögheimili að Völuteigi 6, 270 Mosfellsbæ, Íslandi.

## 2. Reikningsskilaaðferð

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 tekur til rekstrarárs félagins frá 1. nóvember 2022 til 31. október 2023. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra reikningsári.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda.Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

## 4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

## 5. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 6. Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

| Gengi í árslok | 31.10.2023 | 31.10.2022 |
|---|---|---|
| EUR | 145,7 | 143,3 |
| USD | 138,8 | 144,5 |
| GBP | 168,3 | 166,4 |
| SEK | 12,6 | 13,1 |
| DKK | 19,5 | 19,2 |
| NOK | 12,7 | 13,9 |

## 7. Birgðir

Birgðir hráefna og fullunninna vara eru metnar við framleiðslukostnaðar-verði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Birgðir eru vátryggðar fyrir 401,9 m.kr.

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Birgðir 31.10 | 609.294.655 | 491.383.446 |
| Varúðarfærsla | (3.046.473) | (2.508.826) |
| Samtals | 606.248.182 | 488.874.620 |
| | | |
| Niðurfærsluhlutfall | 0,50% | 0,51% |

## 8. Óefnislegar eignir

Kostnaður sem fellur til vegna þróunarverkefna sem tengjast hönnun og þróun á nýjum eða endurbættum vörum er færður sem óefnisleg eign þegar líklegt er talið að verkefnið muni skila árangri, að teknu tilliti til viðskipta- og tæknilegs fýsileika þess, og hægt er að mæla kostnað með áreiðanlegum hætti. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til. Þróunarkostnaður sem áður hefur verið gjaldfærður er ekki eignfærður á seinna tímabili. Óefnislegar eignir sem verða til við slík verkefni er oft vandkvæðum bundist að meta nákvæma nýtingatíma og afskriftir vegna eðlis og óvissu slíkra þróunarverkefna og notagildis. Í slíkum tilvikum er notast við 10 ára afskriftir, en góðar líkur eru að það sé nærri lagi miðað við notagildi.

| Óefnislegar eignir greinast þannig: | Þróunar-kostnaður |
|---|---|
| Staða 1.11 | 104.253.516 |
| Keypt á árinu | 7.885.479 |
| Staða 31.10 | 112.138.995 |
| | |
| Afskrifað áður | 17.332.399 |
| Afskrift ársins | 9.156.947 |
| | 26.489.346 |
| Bókfært verð 31.10 | 85.649.649 |

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru stiglækkandi út líftíma viðkomandi eignar þar til niðurlagsverði er náð.

| | Fasteignir og lóðir | Vélar- og framleiðslutæki | Innréttingar og áhöld | Flutningstæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 1.11 | 604.865.086 | 470.868.695 | 21.793.119 | 4.966.643 | 1.102.493.543 |
| Keypt á árinu | 54.929.617 | 62.056.608 | 1.623.331 | 0 | 118.609.556 |
| Staða 31.10 | 659.794.703 | 532.925.303 | 23.416.450 | 4.966.643 | 1.221.103.099 |
| | | | | | |
| Afskrifað áður | 513.376.903 | 265.425.403 | 16.200.965 | 2.355.995 | 797.359.266 |
| Afskrift ársins | 4.027.232 | 28.613.470 | 949.374 | 467.902 | 34.057.978 |
| | 517.404.135 | 294.038.873 | 17.150.339 | 2.823.897 | 831.417.244 |
| Bókfært verð 31.10 | 142.390.568 | 238.886.430 | 6.266.111 | 2.142.746 | 389.685.855 |

| Fasteigna- og vátryggingamat greinist þannig: | Fasteignamat | Vátryggingamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir, Völuteig 6, 7.459,4 fm | 1.403.500.000 | 2.002.663.466 | 142.390.568 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 1.458.674.186 | 247.295.287 |
| | 1.403.500.000 | 3.461.337.652 | 389.685.855 |

## 10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu að fjárhæð 3,8 m.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinist þannig:

| | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 281.063.587 | 211.045.967 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (187.460) | (3.756.993) |
| | 280.876.127 | 207.288.974 |

### 11. Eigið fé

Heildar hlutafé félagsins er kr. 52.188.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt athvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Á árinu keypti félagið eigin hluti nettó að nafnverði 150.376 kr. á genginu 6,5. Í októberlok 2023 voru í eigu félagsins hlutir að nafnvirði 4.805.067 en félagið lækkaði hlutafé félagsins úr 52.188.000 í 49.900.000 með innlausn eigin hluta félagsins samtals að nafnverði 2.288.000. Eigin hlutir félagsins nema 9,63% af heildar hlutafé og eru þeir færðir til lækkunar á bókfærðu hlutafé félagsins í lok árs.

Hlutafé samkvæmt ársreikningi nemur kr. 45.094.933.- og greinist það þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Heildar hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins | 49.900.000 | 100,00% |
| Eigin hlutir | (4.805.067) | -9,63% |
| Hlutafé samkvæmt ársreikningi | 45.094.933 | 90,37% |

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Bundið eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 1.nóvember 2022 | 45.245.309 | 14.812.116 | 147.006.069 | 118.155.192 | 325.218.686 |
| Breyting ársins | 0 | 0 | 1.271.468 | (1.271.468) | 0 |
| Kaup/sala eigin bréfa | (150.376) | 0 | (680.329) | 0 | (830.705) |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | 152.725.826 | 0 | 152.725.826 |
| Staða 31.okt | 45.094.933 | 14.812.116 | 300.323.034 | 116.883.724 | 477.113.807 |

| **Bundið eigið fé skiptist eftirfarandi:** | Staða 1.nóv.22 | Breyting ársins | Samtals |
|---|---|---|---|
| Endurmatsreikningur fastafjármuna | 31.234.075 | 0 | 31.234.075 |
| Bundið eigið fé vegna þróunarkostnaðar | 86.921.117 | (1.271.468) | 85.649.649 |
| | 118.155.192 | (1.271.468) | 116.883.724 |

| **Yfirverðsreikningur eigin hluta skiptist eftirfarandi:** | Staða 1.nóv.22 | Breyting ársins | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1. nóv. 2023 | (94.650.939) | (680.329) | (95.331.268) |
| | (94.650.939) | (680.329) | (95.331.268) |

### 12. Skuldbindingar

Tekjuskattur félagsins til greiðslu vegna rekstrarársins 2023 er að fjárhæð 13,2,- m.kr. en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta, niðurfærslu viðskiptakrafna o.fl. Tekjuskattsskuldbinding félagsins hefur verið reiknuð og færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikning. Tekjuskattsskuldbinding félagsins nam 47,6 millj. kr. í lok ársins samkvæmt efnahagsreikning og skiptist þannig:

| | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding 1/11 | (22.023.685) | (8.600.153) |
| Reiknaðir skattar (RR) | (38.826.914) | (13.423.533) |
| Skattur til greiðslu á næsta ári (EH) | 13.182.259 | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding 31/10 | (47.668.340) | (22.023.685) |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:

| | | |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (31.594.475) | (29.712.371) |
| Óefnislegar eignir | (8.607.802) | (5.953.632) |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (2.771.269) | 751.399 |
| Niðurfærsla birgða | (5.453.187) | 501.765 |
| Gengismunur | 758.395 | 1.602.871 |
| Yfirfæranlegt tap | 0 | 10.786.283 |
| | (47.668.340) | (22.023.685) |

### 13. Langtímaskuldir

| Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör þeirra: | Vextir | Eftirstöðvar |
|---|---|---|
| Landsbankinn hf. - NVT | 2,75% | 36.445.930 |
| Landsbankinn hf. - ÓVT | 7,73-8,55% | 487.229.980 |
| Landsbankinn hf. - Myntkarfa | 4,67-4,99% | 129.351.051 |
| | | 653.026.961 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 43.078.164 |
| Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi | | 609.948.797 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Afborganir 1. nóv 2023 - 31. okt 2024 | 43.078.164 |
| Afborganir 1. nóv 2024 - 31. okt 2025 | 43.078.164 |
| Afborganir 1. nóv 2025 - 31. okt 2026 | 43.078.164 |
| Afborganir 1. nóv 2026 - 31. okt 2027 | 43.078.164 |
| Afborganir 1. nóv 2027 - 31. okt 2028 | 43.078.164 |
| Afborganir síðar | 437.636.141 |
| | 653.026.961 |

### 14. Ábyrgðir og veðsetningar

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, staða tryggingar í árslok 2023 voru að eftirstöðvum 379 m.kr.

| Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka: | Eftirstöðvar skuldbindinga | Bókfært verð veðsettra eigna |
|---|---|---|
| Fasteignir í Mosfellsbæ, vélar og tæki | 523.675.910 | 389.685.855 |

### 15. Önnur mál

| **Laun og launatengd gjöld greinast þannig:** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Laun | 576.018.557 | 475.845.229 |
| Eignfærð laun | (11.595.888) | (22.235.103) |
| Launatengd gjöld | 122.720.368 | 97.482.172 |
| Annar starfsmannakostnaður | 17.794.359 | 12.862.150 |
| | 704.937.396 | 563.954.448 |
| Meðalfjöldi starfa | 60,6 | 51,8 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á reikningsárinu 2023 námu 24,3 m.kr. (2022:26,5 m.kr.)

### 16. Önnur mál frh.

Fyrirtækið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 599,8 m.kr.

**17. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:**

| **Fjármunatekjur** | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 2.044.493 | 1.438.725 |
| Gengishagnaður | 0 | 0 |
| | 2.044.493 | 1.438.725 |
| **Fjármunagjöld** | | |
| Vaxtagjöld | (48.012.658) | (27.922.201) |
| Verðbætur og áfallnir vextir langtímaláns | (6.328.263) | (9.269.340) |
| Gengistap | (2.041.693) | (7.292.532) |
| | (56.382.614) | (44.484.073) |

**18. Sjóðstreymi:**

| | **2023** | **2022** | **2021** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|---|---|
| Afkoma ársins | 152.725.826 | 53.675.331 | 93.546.232 | (67.483.855) | (63.927.363) |
| Afskriftir | 43.214.925 | 33.388.622 | 23.588.417 | 22.901.985 | 35.227.898 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | (4.917.933) | 1.666.667 | (5.147.549) | 3.000.557 | 1.942.082 |
| Breyting skattskuldbindingar | 25.644.654 | 13.423.533 | 20.510.814 | (17.803.098) | (18.450.148) |
| Hreint veltufé frá rekstri | 216.667.473 | 102.154.153 | 132.497.913 | (59.384.410) | (45.207.532) |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (199.547.328) | (115.482.814) | 30.646.914 | (60.621.219) | 1.465.864 |
| Rekstrartengdum skuldum | 69.050.280 | (31.631.749) | 60.379.123 | 2.402.715 | (38.709.384) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | 86.170.425 | (44.960.410) | 223.523.950 | (117.602.914) | (82.451.052) |

**19. Kennitölur:**

**Úr rekstrarreikningi:**

| | **2023** | **2022** | **2021** |
|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 18,96% | 11,71% | 14,05% |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta / rekstrartekjur | 12,56% | 5,48% | 9,31% |
| Hagnaður ársins / rekstrartekjur | 10,02% | 4,38% | 7,64% |

| **Úr efnahagsreikningi** | 31.10.2023 | 31.10.2022 | 31.10.2021 |
|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir | 3,52 | 2,47 | 2,18 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn | 34,17% | 29,18% | 31,67% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé | 10,58 | 7,19 | 6,33 |

## 20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur og fjölskyldur þeirra, stjórn og framkvæmdastjóri, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

| | Keypt | Seld þjónusta | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Hluthafar og stjórnendur....................................... | 115.916.715 | 3.161.288 | 160.432 | - |
| Aðrir tengdir aðilar ............................................. | | 5.894.451 | 702.412 | - |
| | 115.916.715 | 9.055.739 | 862.844 | 0 |

Á árinu keypti Ístex hf. samtals 541,7 tonn af ull og nam kostnaðarverð samtals 158,0 m.kr. Þar af námu kaup á ull af 1.449 hluthöfum félagsins samtals 387,9 tonnum eða 115,9 m.kr.

## 21. Leigusamningar

Félagið er aðili að samningi um leigu á fasteign sem skilgreind er sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6. gr. sem gildir um meðferð leigusamninga í ársreikningi leigutaka. Samningstími er til ársins 2029 og nema leigugjöld ársins að heildarfjárhæð 15,9 millj. kr. sem færð eru meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi. Samningurinn er uppseigjanlegur af beggja hálfu með 2 ára fyrirvara. Skuldbinding félagsins vegna samningsins til næstu 6 ára er að fjárhæð 91,5 millj. kr. að viðbætum verðbótum til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

Skuldbinding félagsins vegna húsaleigusamnings greinist þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Leigugreiðslur 1. nóv 2023 - 31. okt 2024 ........................................................................................ | 15.912.807 |
| Leigugreiðslur 1. nóv 2024 - 31. okt 2025 ........................................................................................ | 15.912.807 |
| Leigugreiðslur 1. nóv 2025 - 31. okt 2026 ........................................................................................ | 15.912.807 |
| Leigugreiðslur 1. nóv 2026 - 31. okt 2027 ........................................................................................ | 15.912.807 |
| Leigugreiðslur 1. nóv 2027 - 31. okt 2028 ........................................................................................ | 15.912.807 |
| Leigugreiðslur síðar ........................................................................................................................ | 11.934.605 |
| | 91.498.640 |